


Gengi 184,09	Gengismunur 0%	Umsýsluþóknun 0,60%	Meðallíftími 7,4 ár	Stærð 4 milljarðar
------------------------	--------------------------	-------------------------------	-------------------------------	------------------------------

GAMMA: GOV

GAMMA: Iceland Government Bond Fund (GAMMA: GOV) er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, sem fjárfestir í fjármálagerningum, skuldabréfum og vixlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Hentar vel viðskiptavinum sem vilja fjárfesta í vel tryggðum skuldabréfum með virkri stýringu en með lágmarkskostnaði.


GAMMA: GOV beitir virkri fjárfestingarstefnu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða GAMMA. Sú aðferðafræði býður upp á mjög góða möguleika á að skila umframávöxtun miðað við skuldabréfavisitölu GAMMA, GAMMA: Government Bond Index sem og sambærilega sjóði. Virk fjárfestingarstefna felur í sér að skipta á milli óverðtryggðra og verðtryggðra bréfa og langs og stutts líftíma.

Gengisþróun



*Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

Söguleg ávöxtun



GAMMA: Government Bond Index
er skuldabréfavisitala GAMMA en nánari upplýsingar um vísitölur er hægt að nálgast á www.gamma.is/visitolur

Fjárfestingarviðmið


Skuldabréf m. ríkisábyrgð:.....90-100%
Afléiður:.....0-10%

Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölu tímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl.14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags (T+2)
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
Verðtryggt:	52%
*90 daga flökt:	3,0%
Boðaður meðallíftími:	1-10 ár
Rekstraraðili:	GAMMA
Vörsluaðili:	T plús
Stofnár:	2010
ISIN kóði:	IS0000019511
Bloomberg auðkenni:	GAMICGA
LEI númer:	254900Q2PLFFYOAZ5106

*Sveiflur í ávöxtun síðustu 90 daga

Eignaskipting



Árangur sjóðs

	Heildar- ávöxtun	Árleg nafnávöxtun	Árleg raunávöxtun
1 ár	6,0%	6,0%	2,5%
2 ár	12,4%	6,0%	3,1%
3 ár	19,7%	6,2%	3,5%
4 ár	26,0%	6,0%	3,4%
5 ár	31,2%	5,6%	3,4%
FS*	84,1%	7,0%	4,0%

*Frá stofnun

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

GAMMA CAPITAL MANAGEMENT

Reykjavík
Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sími: 519 3300
gamma@gamma.is



London
25 Upper Brook Street, Mayfair,
London W1K7QD
Sími: +44 (0) 207 429 2200



Sýn sjóðsstjóra

Gengi GAMMA: GOV hækkaði um 0,7% í janúar á sama tíma og skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 0,2%. Verðtryggða vísitalan lækkaði um 0,4% á sama tíma og óverðtryggða vísitalan hækkaði um 1,7%.

Krónan, mælt með gengisvísitölunni, veiktist um 3,6% í janúar eftir að hafa styrkst þó nokkuð seinustu vikur ársins 2018. Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,4% á milli mánaða í janúar og lækkaði tólf mánaða verðbólga því í 3,4% úr 3,7% í desember. Mælingin var nokkuð undir væntingum markaðsaðila sem höfð vænst lækkunar vísitölunnar á bilinu -0,2% til -0,5%. Var það einkum meiri lækkun á verði bifreiða og minni hækkun húsnæðis sem dró niður vísitöluna umfram væntingar markaðsaðila.

Seðlabankinn hélt vöxtum óbreyttum í byrjun mánaðar. Bankinn tók verulega niður hagvaxtarspá sína fyrir árið 2018 og spáir nú einungis 1,8% hagvexti fyrir árið 2019. Í ljósi versnandi horfa í efnahagslífinu sem og þess að bæði verðbólguálag á skuldabréfamarkaði og langtíma verðbólguvæntingar markaðsaðila (samkvæmt Væntingkönnun Seðlabankans) lækkuðu nokkuð frá seinustu vaxtaákvörðun, var „tónn“ bankans nokkuð mjúkur að þessu sinni. Einnig gaf Seðlabankastjóri sterklega til kynna að binding fjárstreymistækisins svokallaða, yrði að öllum líkindum færð úr 20% í 0% eftir að fyrirbyggjandi frumvarp á Alþingi um breytingar á gjaldeyrislögum verði samþykkt.

Að því sögðu, munu kjarasamningar og hvernig til tekst í þeim, skipta mestu horft fram á veginn og styttist nú í að línur skýrist hvað það varðar. Verði útkoman ekki mjög slæm, má búast við lækkandi verðbólguálagi þegar líða tekur á árið og hugsandi lækkandi stýrivöxtum. Að öðrum kosti gæti verðbólguálagið hækkað, sem og vextir Seðlabankans, þótt honum séu að einhverju leyti settar skorður hversu mikið hann getur hækkað í ljósi versnandi stöðu hagkerfisins.

Áhætta

Mótaðilaáhætta GAMMA: GOV er takmörkuð þar sem allar undirliggjandi eignir eru tryggðar af ríkinu. Þar sem sjóðurinn á þessar eignir sem ganga kaupum og sölum á virkum markaði er lausafjáraáhætta lág. Vaxtaáhætta GAMMA: GOV er þónokkur vegna viðleitni sjóðsins til þess að ná umframávöxtun miðað við skuldabréfavísitölu GAMMA, GAMMA: Government Bond Index. Nánari upplýsingar um áhættu sjóða má nálgast á heimasíðu GAMMA, www.gamma.is.

Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAMMA Capital Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með um 140 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélög, fyrirtæki og einstaklinga. GAMMA er einnig umboðsaðili fyrir PIMCO á Íslandi sem er eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.

Agnar Tómas Möller hefur starfað á íslenskum fjármálamarkaði í 13 ár, fyrst hjá Búnaðarbanka Íslands og síðan Kaupþingi. Agnar byrjaði í greiningardeild með áherslu á íslensk skuldabréf. Árin 2004–2006 var hann í áhættustýringu Kaupþings og sá m.a. um þróun og forritun hugbúnaðar til stýringar á markaðsáhættu Kaupþings og eftirlit með markaðsáhættu bankans. Frá árinu 2006 til byrjunar árs 2008 vann Agnar í skuldabréfamíðlun Kaupþings. Einnig hefur Agnar sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir m.a. nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði.

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðarfræði. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAMMA. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflóts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

Helstu atriði

- Gengi GAMMA:GOV hækkaði um 0,7% í janúar.
- Skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 0,2%.
- Krónan veiktist um 3,6%.
- Verðbólgan lækkaði í 3,4%.
- Verðbólguálag hefur lækkað aftur en hækkaði á árinu.
- Aukin óvissa aftur vegna óróa kringum kjarasamninga

Helstu áhættuþættir

- **Mótaðilaáhætta:** Lítil
- **Lausafjáraáhætta:** Lítil
- **Vaxtaáhætta:** Þónokkur

Skuldabréfateymi

Agnar T. Möller
agnar@gamma.is Sjóðsstjóri
s: 519 3302

Valdimar Ármann
valdimar@gamma.is s: 519 3304

Guðmundur Björnsson
mummi@gamma.is s: 519 3303